

**SVAR VIÐ FYRIRSPURN****Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs**Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um matarsóun í leik- og grunnskólum**


Á fundi skóla- og frístundaráðs, 25. september 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands

Eru gerðar kannanir á matarsóun í leik- og grunnskólum borgarinnar? Ef svo er, óskar fulltrúi Sósíalista eftir gögnum um magn þess á síðustu árum. Sundurliðun eftir árum, skólum og hvort viðkomandi skóli eldi matinn á staðnum eða bjóði út. Einnig er spurt hvaða aðgerðir skóla- og frístundasvið hefur farið í til að draga úr matarsóun í skólum?

Svar:**Rekstrarfyrirkomulag og matarsóun**

Af 68 leikskólum eru 26 með eigið eldhús og matreiðslu á staðnum (38%) en 46 leikskólar fá aðkeyptan mat (62%). Samkvæmt leikskólustjórum vigta 3% leikskóla (2) alltaf þær matarleifar sem koma frá eldhúsi skólanna, 18% skóla (9) vigta stundum en 79% skólann (48) vigta aldrei matarleifarnar frá eldhúsi eins og sjá má á mynd 2 hér fyrir neðan. Í tengslum við þessar tölur verður að hafa í huga að meirihluti skólanna er með aðkeyptan mat.

Mynd 2. Eru matarleifar sem koma frá eldhúsi vigtaðar?



Leikskólustjórar sem merktu við valmöguleikann stundum voru spurðir hve oft matarleifar frá eldhúsi eru vigtaðar. Eins og sjá má í töflu 1 hér neðan eru matarleifar vigtaðar allt frá einu sinni í viku til nokkrum sinnum á önn í þessum 9 leikskólum.

Tafla 1. Matarleifar frá eldhúsi eru stundum vigtaðar


	Fjöldi leikskóla
1x í viku	1
1x í mánuði	2
4x á ári	1
2x í viku	1
Átak nokkrum x á önn	4
Alls	9



Af 38 **grunnskólum** eru 31 (82%) með eigið eldhús og matreiðslu á staðnum en sjö grunnskólar kaupa mat frá fyrirtækjunum Skólamat (4), Matartímanum (2) og Hjálpræðishernum (1).

Í nýlegri könnun skóla- og frístundasviðs var spurt hvort matarleifar frá mótuneyti væru vigtaðar. Samkvæmt þeim niðurstöðum eru matarleifar frá mótuneyti alltaf vigtaðar í 11% grunnskóla (4) og 54% skóla (20) til viðbótar vigta stundum leifar frá mótuneytinu. Í 35% skóla (13) eru matarleifar aldrei vigtaðar. Magntölur liggja ekki fyrir á þessum tímapunkti.

Mynd 16. Eru matarleifar vigtaðar sem koma frá mótuneytinu?



Til stendur að senda út sambærilega könnun veturinn 2023/2024 og munu því nýjar niðurstöður varðandi þetta liggja fyrir á næsta ári.

Lífrænn úrgangur

Gámafélagið, sem þjónustar m.a. grunnskóla borgarinnar, heldur utan um magn lífræns úrgangs en inni í þeim tölum eru einnig hlutir sem ekki teljast til matarsóunar, s.s. bein, roð, hýði, afskurður, pappapurkur o.fl. Því gefa þær tölur ekki glögga mynd af matarsóun sem slíkri en hægt er að fylgjast með magni lífræns úrgang frá skólunum eins og áður sagði.

Vert er að geta þess að lífræni úrgangurinn fer nú í Gaju, gas- og jarðgerðastöðina í Álfsnesi. Þar nýtist metangasið úr úrganginum auk þess sem hann er nýttur til moltugerðar. Slík jarðgerð flokkast sem endurvinnsla og með því að búa til moltu þá verður til vara úr úrgangi sem þýðir að farið er upp um þrep í úrgangspríyrningnum.

Matarstefnuteymi Reykjavíkurborgar

Matarstefnuteymi hefur starfað frá 2021 og hefur teymið að undanfögnu unnið meðal annars að undirbúningi á Matarsóunarverkefni þvert á starfsstöðvar borgarinnar. Markmið verkefnisins er að meta matarsóun í fimm mótuneytum þvert á svið Reykjavíkurborgar og kanna í kjölfarið áhrif þess að beita hnippingum og veita fræðslu um leiðir til að takmarka matarsóun. Undirbúningsvinna er hafin vegna verkefnisins, þar sem gögnum hefur verið safnað um aðferðir til að meta raunverulega matarsóun, fræðileg staða þekkingar verið könnuð og haft samband við stjórnendur mótuneyta vegna þátttöku. Auk þess hefur verið haft samband við Háskóla Íslands til að óska eftir samstarfi vegna þessa verkefnis. Verkefnið hefur tafist vegna breytinga í starfsmannamálum.

Auk þess er um þessar mundir útboð í gangi vegna væntanlegs eldhúsumsjónarkerfis sem mun nýtast bæði á skóla- og frístundasviði og velferðarsviði. Kerfið mun halda utan um uppskriftir, hráefnisþörf, næringarútreikninga og útreikning á kolefnisfótspori. Með innleiðingu kerfisins er því stefnt meðal annars að því að minnka matarsóun með betra skipulagi, utanumhaldi á birgðastöðu og bættri nýtingu matvæla með einfaldara pöntunarkerfi.



Reykjavíkurborg

Lokaorð

Mikil vinna er framundan í þessum málaflokki sem tengist bæði innleiðingu á Matarstefnu Reykjavíkurborgar og markvissri vinnu varðandi loftslagsmál samkvæmt aðgerðaáætlun Menntastefnu Reykjavíkurborgar til næstu þriggja ára.